Ár 1973, laugardaginn 10. maí, var fundur haldinn í Félagsheimili Kópavogs. Til fundar var boðað af undirbúningsnefnd til stofnunar landeigandafélags í Sléttuhreppi.

Guðmundur Sigurðsson, formaður nefndarinnar, setti fundinn og bauð menn velkomna. Lýsti hann forsögu þessa máls, og skýrði frá því að nefndin hefði talið rétt að ganga til samvinnu við fólk úr Grunnavíkurhreppi.

Fríða Á. Sigurðardóttir var fengin sem fundarritari.

Dagskrá fundarins:

1. Ákvörðun um stofnun eigendafélags. Borin var upp fyrirspurn um, hvort kannað hefði verið hversu marga eigenda væri að ræða. Það hafði ekki verið kannað nákvæmlega. Borin var upp fyrirspurn um skipulag útivistarsvæðis þar.
~~Samþykkt var eftir, nokkrar~~ Urðu nokkrar umræður um þessi mál.
Samþykkt var einróma að stofna eigendafélag.

2. Lög fyrir félagið. Guðni Jónsson bað um uppástungur um nafn á félagið.* ~~Landeigandafélag~~ ~~Fasteignafélag~~ Sléttu- og Grunnavíkurhrepps, kom sem tillaga frá Sigurjóni Hilaríussyni. Kristjana Alexandersd. kom með þá tillögu, að félagið héti Jarðeigandafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps. Gaf Guðni

* Fasteigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

mönnum frest til að íhuga málið um stund.
Því næst voru lögin (2. gr., 3. gr., 4 gr., 5. gr., 6. gr.
7. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr.),
lesin í heild sinni og gerði Guðni Jónsson grein
fyrir þeim. Voru lögin því næst borin undir atkvæði

1. gr. Tillögur um nafn félagsins voru því næst
bornar undir atkvæði. 1. Fasteigenda félag Sléttu-
og Grunnavíkurhrepps. Tillagan felld.
2. Landeigenda félag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps.
Tillagan samþykkt með a. ~~15 atkvæðum~~ samhljóða.

Sigurjón Hilaríusson bar upp þá tillögu, að
lögin yrði borin upp í heild sinni. Samþykkt samhljóða.

Fyrirspurn kom fram um 13 gr., varðandi
það, að félagið greiði ferðakostnað stjórnarmanna.

Sigurjón Hilaríusson kom með breytingartillögu
við 13. gr. 5 l. a. o: á eftir „stjórnarmanna." komi
„þó eigi oftar en einu sinni á ári".

Guðmundur Sigurðsson mótmælti þessari breytingartillögu, og taldi, að félagið yrði að treysta þeirri
stjórn er það kysi.

Valdimar Jónsson gerði það að tillögu sinni,
að 5. l. a. o. í 13. gr yrði felld niður.

Sigurjón Hilaríusson dró tillögu sína til baka.
Tillaga Valdimars var samþykkt samhljóða.

Lögin voru því næst borin undir atkvæði
með áorðnum breytingum. Samþykkt einróma.

3. Kosin stjórn og endurskoðendur. ~~Sem~~ formaður var kosinn Guðni Jónsson. Ingimar Guðmundsson kom með eftirfarandi tillögu um aðra í stjórn: Arnór Stígsson, Horni, Þorvarður Jónsson, Látrum, Sigurjón Hilaríusson, Steinólfsstöðum, Magnús Guðmundsson, Þverdal
Samþykktir einróma.
Ingimar bar einnig upp tillögu um 3 menn í varastjórn: ~~Arnór Stígsson, Horni, Þorvarður Jónsson, Látrum, Sigurjón Hilaríusson, Steinólfsstöðum, Magnús Guðm.s., Þverdal~~
Samþykktir samhljóða: Guðmundur Sigurðsson, Hesteyri, Þórður Júlíusson, Fljótum, Magnús R. Guðmundss. Hesteyri.
4. Ákveðin félagsgjöld. Guðmundur Sigurðsson stakk upp á að félagsgjald yrði 500.-kr árlega. [Guðmundur Rósi vildi hafa félagsgjaldið hærra.]
Tillaga Guðmundar var samþykkt samhljóða.

5. Bréf frá Náttúruverndarráði. Framkvæmdastjóri, Árni Reynisson, og varaformaður, Eyþór Einarsson, voru mættir á fundinn. Væntanlegur var Páll Líndal lögfr. í ~~Náttúru~~verndarráði.
Guðni Jónsson las bréf Náttúruverndarráðs, dags.

1. 2. 1973. Guðni Jónsson las því næst „Tillögu að auglýsingu um friðland á Hornströndum" frá Náttúruverndarráði, dags. 2.2.1973. Guðni Jónsson rakti og skýrði þetta mál. Árni Reynisson tók því næst til máls og skýrði hugmyndir og sjónarmið Náttúruverndarráðs, bað hann fundarmenn að bera upp athuganir og fyrirspurnir varðandi „Tillögu um friðland..." Eyþór Einarsson tók þá til máls, áréttaði hann að tillaga um friðland þýddi ekki eignarnám, svo sem þegar um væri að ræða stofnun þjóðgarðs. Ræddi hann því næst nauðsyn tillögu Náttúruverndarráðs um friðlýsingu.

Sigurjón Hilaríusson tók því næst til máls. Tók hann í upphafi fram, að hann væri ekki andvígur friðlýsingu með ákveðnum skilyrðum. Lýsti hann sjónarmiðum Sléttuhreppinga og Grunnvíkinga í þessu máli. Lýsti hann sig andvígan 1. gr. reglna um svæðið frá Náttúruverndarráði. Spurðist hann fyrir um, hvað valdsvið Náttúruverndarráðs ætti að vera mikið, og hver væru réttindi landeiganda á friðlýsta svæðinu.

Beindi Sigurjón þeirri fyrirspurn um, hvað væri til í því, að sú hugmynd að byggja ætti hótel á Hesteyri hefði komið fram í Tillögum um skipulag fyrir Ísafjörð og nágrenni, til Páls

Lindal, sem mættur var á fundinn.

Gert var 15. mín. kaffihlé.

Ingimar Guðmundsson tók þá til máls, taldi hann landeigendur eiga að hafa mest að segja um hið friðlýsta svæði, þótt lögum Náttúruverndarráðs væri hlýtt. Hins vegar áleit hann, að Náttúruverndar~~ráð~~samtök Vestfjarða væri ekki aðili að málinu, bað hann um álit gesta fundarins á þessari skoðun sinni.

Þorbergur Friðriksson spurðist fyrir um, hvað gilti um byggingar og annað í þeim hreppum, sem farnir væru í eyði. Til hverra Náttúruverndarráð Íslands ætti að snúa sér. Beindi hann þeirri fyrirspurn til Náttúruverndarráðsmanna, hvort hið nýstofnaða landeigendafélag gæti ekki verið ráðgefandi í stað Náttúruverndar~~ráðs~~samtaka Vestfjarða. Svo og spurðist hann fyrir um reglugerð Náttúruverndarráðs.

Kristján Jónsson spurðist fyrir um, hvernig yrði með eftirlit með hinu friðlýsta svæði, og hvað með greiðslur bætur til landeigenda.

Guðni Jónsson spurðist fyrir um, til hvers og fyrir hvern væri verið að friða svæðið.

Árni Reynisson tók til máls; lýsti hann því yfir að Náttúruverndar~~ráð~~samtök Vestfjarða hefði ekkert um þessi mál að segja skv. lögum. Áleit hann að samstarf ætti að vera milli Landeigendafélagsins og

Náttúruverndarráðs Íslands. Taldi Árni, að reglugerð Náttúruverndarráðs gæti orðið Landeigendafélaginu til hjálpar, ef það vildi koma í veg fyrir hótel-byggingu á Husteypi. Um nytjar og byggingarframkv. taldi Árni ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af, svo framarlega sem þær teldust ekki skaðlegar. Reglugerð Náttúruverndarráðs kvað hann væntanlega í vor. Um eftirlit með svæðinu, taldi hann, að Náttúru-verndarráð ætti að annast það.

Páll Líndal ítrekaði, að Náttúruverndar~~ráð~~ samtök Vestfjarða hefði enga stöðu í lögum. Einnig að mjög fáir hreppar væru skipulagsskyldir. Sagði~~st~~ Páll að ~~telja~~ því miður væri erfitt að kveða á um réttarstöðu sveitarfélaga, sem komin væru í eyði. Ingimar Guðmundsson spurði, hvort ekki væri hugsanlegt að nefnd yrði stofnuð innan Landeigendafél., sem fjallaði um mál hreppanna, sem síðan starfaði með Náttúru-verndarráði. Kvað Páll það vel hugsanlegt. Að um eignarnám væri að ræða á nokkurn hátt, taldi Páll óhugsandi. Sigurjón ~~Bjarnason~~ Hilaríusson, spurðist fyrir um, hvort hægt væri að ráðstafa ríkiseignum án þess að hafa nokkuð samráð við Landeigenda-félagið, og hvort hægt væri að endurreisa hreppinn. Ekki taldi Páll nokkuð því til fyrirstöðu, ef ákvæðinu þyrfti [illegible] ~~væri~~ að með lögheimili í hreppnum. Páll upplýsti

að Náttúruverndarráð hefur ekki formlegt vald hvað snertir ríkiseignir, en hins vegar hefði það gert tillögur þess efnis að samráð væri haft við Náttúruverndarráð um ráðstöfun ríkiseigna.

Árni Reynisson lýsti því yfir, vegna fyrirspurnar Ingimars Guðmundssonar, að hann sæi ekkert því til fyrirstöðu að Landeigendafél. væri aðili ~~af~~ samstarfs um svæðið gagnvart Náttúruverndarráði Íslands.

Eyþór Einarsson kvaðst sammála Árna um þetta efni. Kom hann fram með þá hugmynd, að hægt væri að setja reglugerð um mannvirkjagerð. Um þá fyrirspurn til hvers og fyrir hverjum væri að friða, benti Eyþór á aukinn ferðamannastraum um þetta svæði. Taldi hann Náttúruverndarráð geta hjálpað landeigendum til að verja landið gegn ágangi. Svo og að Náttúruverndarráð gæti aðstoðað með eftirlit með svæðinu.

Þorvarður ~~[illegible]~~ Jónsson spurði~~st~~ ~~fyrir um~~, hvað með timbur og annað drasl, sem enn eru eftir á Látrum síðan ~~[illegible]~~ Herinn fór þaðan.

Kristján Jónasson ítrekaði fyrirspurn sína.

Sigurjón Hilaríusson þakkaði gestum fundarins greið svör, og lýsti bjartsýni á samstarf um friðlýsingu svæðisins við Náttúruverndarráð Íslands.

Guðmundur R. Bjarnason beindi þeim tilmælum til Náttúruverndarráðs, að það hjálpaði við að

hreinsa upp eftir herinn á Látrum.

Páll Líndal benti á, að landeigendafélagið gæti ekki ~~aldrei~~ starfað sem hreppsnefnd.

Eyþór Einarsson taldi, að Náttúruverndarráð ætti að geta lofað að hreyfa því máli að hreinsað yrði eftir herinn og aðstaðað úrð ~~þaðo máli~~. Um eftirlit með svæðinu taldi hann sjálfsagt að hafa samráð við Landeigendafélagið. Einnig benti hann á að skv. lögum væri margar gerðir af friðlöndum.

Árni Jónsson fræddi gestum fundarins greinargóðar upplýsingar

Ingi Vilhjálmsson bar upp fyrirspurn um hvort gestirnir vissu, hvort hægt væri að endurreisa hreppinn, eftir að hann hefði verið lýstur friðland. Svaraði Árni því játandi

Páll Líndal, að hótelbygging á Hesteyri, hefði komið fram í hugmyndasamkeppni, en hvergi verið samþykkt af stjórnvöldum.

Endurskoðendur voru kosnir Sigurður Sturluson og Reidar Albertsson. Fundargerð lesin og samþ.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið.

Valdimar Kr Jónsson
Bergljót Jónsdóttir
Kjartan T. Ólafsson
Friðrik Ólafsson
Friðrik Hermannsson
Gísli Hermannsson.
Hermann Arnason
f.h. Guðmundar Halldórssonar - D.G.
Jón Borgarsson
Magnús Guðmundsson Kvisthaga 3
Sigurður Guðlaugsson Faxabraut 41D
Sigurlína Guðmunds
Soffía G. Vagnsdóttir
Ingimar Guðmundsson
Jón [illegible] Þórarinsson Hjallavegi 66 R.
Sigurlinni Larsson Hraunhólum 4A og fl.
Björg B Sigurðardóttir Hlégerði 8
Fríða Á Sigurðardóttir, Hofaba 45, R.
Þorbergur [illegible] Sátrum
Kristjana Hermannsdóttir Bugðulæk
Sævaldur Jónsson, Austurgerði 2R.
Dagný G. Albertsson
Hans Hilaríusson
Gunnar Albert Arnórsson Ísafirði
Pálína Guðnadóttir Þverdal.
Halldór Guðnason Þverdal

Jörundur Marinósson Görðum
Reidar G. Albertsson Hesteyri
Sigurjón Ingi Hilaríusson Steinólfsstöðum
INGI HERMANN VILHJÁLMSSON.
Sveinn Jóhannesson Álfaskeiði 98. Hafn
Birgir G. Albertsson Álfheimar 38 - Hesteyri
Kristján G. Jónasson Hlaðbrekku 18 Kópavogi
Pálína Friðriksdóttir Álfabrekku 19 Kópav
Guðni Jónsson Suðurbraut 1 Kóp
Ósvald J. Sigurðsson, Kirkjuveg 45
Sveinn Guðmundsson Laugaveg 1?
Jónína Garðarsd. Ljósheimar
Jóhanna Hallvarðsd. Bláagerði 65
Hermann Jónsson, Hraunbraut 14 Kóp
Ásgeir Jónsson, Hátröð 5 Kóp
Hallvarður Guðlaugsson, Auðbrekku